

Vestmannaeyjum, 10. janúar 2022

Umsögn Öldu um 13. mál, 152. löggjafarþingi – atvinnulýðræði

Alda telur mikilvægt að lýðræði sé ástundað sem víðast í samfélaginu og álitur að lýðræði eigi að vera hornsteinninn í stjórnun fyrirtækja jafnt sem í stjórnun stærri samfélaga og landa, þótt svo slík hugsun sé langt í frá útbreidd í okkar samfélagi. Félagið telur löngu ljóst að þessi hugsun verði að breytast, atvinnulýðræði verði og eigi að auka. Félagið tekur undir þingsályktunartillöguna en vill jafnframt koma áleiðis mikilvægu sjónarmiði.

Frá stofnun hefur Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, lagt áherslu á að lýðræðishugtakið nái ekki aðeins til þess hvernig samfélaginu sé stjórnað í gegnum kosningar, heldur nái hugtakið jafnframt til þess að virkja almenna borgara til áhrifa í því hvernig samfélaginu sé stjórnað í hagkerfinu, í stofnunum ríkisins og víðar. Með þessu er ekki átt við að kosið sé um alla mögulega hluti, heldur að fólk geti haft áhrif, til dæmis í gegnum fulltrúa sína sem gæti hagsmuna þess. Kosningar eiga svo við eftir því sem hið lýðræðislega ferli er hugsað.

Alda hafnar þeirri hugmynd, sem virðist útbreidd, að lýðræði eigi ekki heima í efnahagslífinu. Lýðræði á þvert á mótum heima þar, eins og í öðrum hlutum samfélagsins, enda varðar stjórnun fyrirtækja starfsfólk þess miklu. Fráleitt er að lýðræði sé ekki virkt í efnahagslífinu, einmitt þeim vettvangi þar sem fólk ver stórum hluta lífsins og sem skiptir svo miklu máli fyrir velferð þess. Hvernig stjórnun fyrirtækja er háttáð skiptir starfsfólk miklu máli og lýðræði á því að vera virkt innan fyrirtækja.

Alda vill þó vekja athygli á því að þingsályktunartillagan tekur aðeins til atvinnulýðræðis þar sem starfsmenn eiga ekki hlut í fyrirtækjunum – eða mjög takmarkaðan hlut – og að til er eignarform þar sem starfsmenn *beinlínis* eiga fyrirtækin og hafa áhrif á reksturinn í gegnum sinn eignarhlut. Þessi fyrirtæki, sem eru lítt þekkt á Íslandi, þekkjast víða erlendis, og eru nefnd lýðræðisleg fyrirtæki (*worker cooperative*). Þeirra þekktast er Mondragon, samsteypa fjölmargra lýðræðislegra fyrirtækja, með höfuðstöðvar á Spáni. Í þess konar fyrirtækjum gildir eitt atkvæði fyrir hvern starfsmann (eiganda) í ákvarðanatöku. Stjórnendur eru skipaðir af starfsmönnum til að

sjá um daglegan rekstur. Á Íslandi hafa verið gerðar tilraunir til að stofna slík fyrirtæki en lagaumhverfið virðist koma í veg fyrir að svo geti orðið. Félagið bendir hér með á að úr þessu verði að bæta, enda eigi lagaumhverfið ekki að koma í veg fyrir að slík fyrirtæki verði til.

Félagið að öðru leyti lýsir sig samþykkt þingsályktunartillögu þessari og hvetur Alþingi til að samþykkja hana. Félagið jafnframt hvetur tilvonandi meðlimi starfshópsins til að vinna að úrbótum á lagaumhverfinu til þess að greiðlega megi stofna lýðræðisleg fyrirtæki á Íslandi.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður